

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Neskaupstaðar, snjóflóðavarnir.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 16. júlí 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Neskaupstaðar 1979-1999.

Um er að ræða breytta landnotkun vegna snjóflóðavarna (stækkun svæðis til sérstakra nota) norðan íbúðabyggðar við Urðarteig, Hlíðarveg, Blómsturvelli, Víðimýri, Starmýri og Hrafnsmýri sbr. úrskurð skipulagsstjóra skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 dags. 19. júní 1998.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 16. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

27. júlí 1999

Nr. 522

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta.

Samgönguráðuneytið hefur ákveðið að ákvæði um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta samkvæmt 2.-5. tl. 7. gr. reglna nr. 189 frá 21. mars 1994, um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, sbr. 3.-5. gr. reglna nr. 337 frá 2. maí 1997, öðlist gildi þann 1. september 1999. Samgönguráðuneytið hefur ennfreður ákveðið að 6. og 7. gr. reglna nr. 337 frá 2. maí 1997, um breytingu á reglum nr. 189/1994, um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, öðlist gildi þann 1. september 1999.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt lögum um eftirlit með skipum nr. 35 frá 30. apríl 1993, staðfestist hér með og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um frestun á gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta nr. 744/1998.

Samgönguráðuneytinu, 27. júlí 1999.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

15. júlí 1999

Nr. 523

AUGLÝSING

um deiliskipulag svæðis 1 fyrir snjóflóðavarnir í Neskaupstað, Drangagilssvæði, Fjarðabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 12. júlí 1999 samþykkt deiliskipulag svæðis 1 fyrir snjóflóðavarnir í Neskaupstað, Drangagilssvæði.